

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina	
Starfsheiti	Húsgagnabólstrari	Löggilt iðngrein
Dagsetning	30. maí 2022	
Útgáfunúmer	0.1	

Starfalýsing:

Bólstrari vinnur við framleiðslu á nýjum húsgögnum og viðgerðir á notuðum húsgögnum sem og aðra almenna bólstrun. Bólstrari vinnur út frá teikningum og verklýsingum hönnuða eða eftir eigin hugmyndum og velur bólsturefni og vinnuaðferðir sem henta hverju sinni. Hann sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði, er meðvitaður um vandað handverk og ber ábyrgð á útkomu vinnu sinnar gagnvart viðskiptavinum. Bólstrari býr yfir hæfni til góðra samskipta við verkkaupa og getur leiðbeint kaupendum um val á efni. Hann sýnir kostnaðarvitund, getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir og hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja. Bólstrari þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun. Bólstrari fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð á vinnustað. Bólstrari starfar aðallega á sérhæfðu bólsturverkstæði en einnig á vettvangi verkefnanna, t.d. við lokafrágang verkefna.

Hæfnikröfur:

Þekkir þróun húsgagna og vinnur samkvæmt nýjum og gömlum verkferlum.

Notar handverkfæri og vélbúnað sem tengjast faginu.

Vél- og handsaumar áklæði.

Kann skil á efnum sem notuð eru við bólstrun og hvernig þau eru notuð.

Veitir viðskiptavinum ráðgjöf um val á efnum.

Vinnur eftir teikningum af húsgögnum og býr til snið.

Bólstrar húsgögn frá grunni, bæði undirvinnu og klæðningu.

Er meðvitaður um kostnað og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir.

Hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Þekkir lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þekkir áhættumat og áhættugreiningu og fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar.

Hefur tileinkað sér snyrtimennsku og gengur vel um vinnustað sinn.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.

Býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu.

Býr yfir færni til góðra samskipta.